

Greiðslutegundir lífeyristrygginga - júlí 2007

Ef greiðsla grunnlífeyris er ekki fyrir hendi vegna tekna þá greiðast ekki tengdir bótaflokkar.

Greiðslutegundir	Tekjur	Mán.gr.	Skerðing byrjar		Greiðslur falla niður		Skerðing
			Fritekjumark	Núllmark	ár	mán.	
Ellilífeyrir		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Ellilífeyrir	1	24.831	2.056.404	171.367	3.049.644	254.137	30
Tekjutrygging - grunnregla	4	78.542	0	0	3.105.041	258.753	39,95
Tekjutrygging - sérregla	5	37.228	0	0	670.070	55.839	66,67
Heimilisuppbót	4	23.164	0	0	2.359.660	196.638	11,78
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				1.900.536	158.378	
Hámarksupphæð án uppbóta		126.537					
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	2	24.831	2.095.501	174.625	3.287.389	273.949	25
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	3	24.831					
Tekjutrygging - grunnregla	4	79.674	0	0	3.139.044	261.587	39,95
Tekjutrygging - sérregla	5	37.228	0	0	670.070	55.839	66,67
Heimilisuppbót	4	23.164	0	0	2.394.212	199.518	11,61
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				1.900.536	158.378	
Hámarksupphæð án uppbóta		152.500					
Annað		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Örorkustyrkur	2	18.184	2.095.501	174.625	3.259.277	271.606	18,75
Uppbót v/reksturs bifreiðar	7	9.092					
Vasapeningar	8	28.591	113.312	9.443	641.146	53.429	65

Útskýringar á tekjutengingum:

1. Ellilífeyrir

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur veða 50%. Tekjur maka skerða ekki. Frá 1. júlí 2007 koma atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri ekki til skerðingar hjá greiðsluþegum og mökum þeirra.

2. Örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og örorkustyrkur

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, húsaleigubætur, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur veða 50%. Tekjur maka skerða ekki.

3. Aldurstengd örorkuuppbót

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

4. Tekjutrygging samkvæmt grunnreglu og heimilisuppbót

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og húsaleigubætur. Fjármagnstekjur veða 50%. Frá 1. júlí 2007 koma atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri ekki til skerðingar hjá greiðsluþegum og mökum þeirra.

Val milli 300.000 kr. frítekjumarks og 60% reglu. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 300.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Tölvukerfi TR velur alltaf sjálfkrafa hagkvæmari kostinn.

Draga skal tekjuskerðingu grunnlífeyris frá tekjuskerðingu tekjutryggingar. Þetta leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar er mismunandi eftir því hvort og þá hversu mikil skerðing grunnlífeyris er. Núllmark er það tekjumark sem greiðslur falla niður við.

Tekjutrygging ellilífeyrisþega	2.359.209 Lægsta núllmark	3.105.041 Hæsta núllmark
Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	2.393.212 Lægsta núllmark	3.139.044 Hæsta núllmark

Eftirfarandi á aðeins við þegar um hjón er að ræða og taka þarf tillit til tekna maka við útreikning tekjutryggingar:

Eigin atvinnutekjur veða 65% en atvinnutekjur maka 35% í útreikningi tekjutryggingar.

Eigin lífeyrissjóðstekjur veða 80% en lífeyrissjóðstekjur maka 20% í útreikningi tekjutryggingar.

Tekjutrygging er reiknuð skv. núgildandi tekjuforsendum og þær síðan bornar saman við forsendur ársins 2006.

Ef eldri reglur skila hærri greiðslu þá er það greitt sem sérstök viðbót við tekjutrygginguna.

5. Tekjutrygging samkvæmt sérreglu

Sömu tekjuliðir koma til skerðingar og með sama vægi og í grunnreglu en aðeins eigin tekjur en ekki tekjur maka og ekki atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri. Ef 2/3 hlutar eigin tekna lífeyrisþega nema lægri fjárhæð en 446.731 kr. skal mismunurinn bættur upp með tekjutryggingu. Sérreglan var sett í kjölfar öryrkjádóms og markmiðið með henni er að tryggja lífeyrisþegum tekjutryggingu án tillits til tekna maka.

6. Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri

Allar tekjur skerða nema atvinnutengdar tekjur 70 ára og eldri. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og og verðbréfum fara yfir 4 milljónir. Viðmiðunarfjárhæðir tvöfaldast hjá hjónum.

7. Uppbót v/reksturs bifreiðar

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

8. Vasapeningar

Sama og varðandi elli- og örorkulífeyri nema hvað lífeyrissjóðstekjur koma líka til skerðingar.